

Lög

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „framkvæma staðfestingu á“ í 1. mgr. kemur: staðfesta.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga er hafa vígsluheimild skv. 17. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, er heimilt að staðfesta samvist.
- c. Í stað orðanna „framkvæmd staðfestingar“ í 2. mgr. kemur: staðfestingu samvistar.

2. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einnig geta prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga leitað um sættir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 27. júní 2008.

Samþykkt á Alþingi 30. maí 2008.